

✉ Breytingar á aðalskipulagi Mýrdalshrepps

Búið til	30.3.2021 14:22:35
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	30.3.2021 14:23:22
Tilheyrir	📁 202103-0011 - Umsögn vegna skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 Norður Garður 3

Efni

Breytingar á aðalskipulagi Mýrdalshrepps

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	30.3.2021 14:23:22	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	bygg@vik.is

Innihald


Tilvísun í mál nr. 202103-0011 (LÁ, RTh, OKV, KHS)

Í bréfi frá Mýrdalshreppi, dagsett 8. mars 2021, er óskað eftir umsögn á skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Mýrdalshrepps, 2012-2028.

Lýsingin tekur til breytinga á landnotkun á Norður-Garði 3 sem er 5 ha spilda úr jörðinni Norður-Garður og að hún verði skilgreind sem frístundabyggð þar sem fyrirhugað er að byggja á lóðinni fjögur frístundahús.

Fram kemur að hluti svæðisins er innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá, svæði nr. 708; Dyrhólaós, Loftsalahellir, Reynisdrangar og Reynisfjall. Þar að auki hefur Náttúrufræðistofnun Íslands sett fram tillögu um verndarsvæðið Mýrdalur á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða á landi (<https://www.ni.is/greinar/su-myrdalur> (<https://www.ni.is/greinar/su-myrdalur>)). Það svæði er austan við fyrirhugaða frístundabyggð.

Í skipulagslýsingu er vísað í Náttúruminjaskrá þar sem segir að Dyrhólaós sé eina sjávarleira á Suðurlandi. Eins kemur fram að Mýrdalshreppur telji að fleiri sjávarleirur séu á Suðurlandi, m.a. í tengslum við fjölmarga ósa sem þar eru. Hér er verið að blanda saman lífríku leirum og lífvana sandfjörum. Þær fyrrnefndu eru afar sjaldgæfar á Suðurlandi og finnast í langmestum mæli í Dyrhólaósi, eins og sést á meðfylgjandi korti. Sjá einnig <https://www.ni.is/greinar/leirur#&gid=null&pid=3> (<https://www.ni.is/greinar/leirur#&gid=null&pid=3>)



Ítarlega er fjallað um leirur á staðreyndasíðu á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands, sjá <https://www.ni.is/greinar/leirur> (<https://www.ni.is/greinar/leirur>). Leirur og sjávarfitjar njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd.

Engar friðlýstar plöntutegundir eða tegundir á válista eru skráðar innan framkvæmdasvæðis við Norður-Garð 3. Hins vegar eru þekktir skráningarstaðir válistategunda í nágrenni svæðisins s.s munkahettu (*Lychnis flos-cuculi*) sem er á válista sem tegund í nokkurri hættu (VU) og einnig annarra sjaldgæfra eða fremur sjaldgæfra tegunda eins og safastarar (*Carex diandra*) sem telst í yfirvofandi hættu þó hún sé utan válista (<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>) (<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>). Með það í huga ber að vera á varðbergi fyrir mögulegum vaxtarstöðum þessara tegunda þar sem þær vaxa í deiglendi t.d. meðfram skurðum og lækjum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að þó að ekki verði mikið rask á náttúruminum innan framkvæmdasvæðis, þá getur frístundabyggðin í framtíðinni haft áhrif á náttúrulega framvindu gróðurs og áhrif á mikilvæg fuglasvæði í nærliggjandi umhverfi.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
 Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
 Urriðahóltsstræti 6-8, 220 Garðabær.
 Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Viðhengi

image002.png (5 KB)

image001.jpg (116 KB)